

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0051
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu tímabundinnar notkunar á eldissvæði í Seyðisfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 8. janúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Háafells á tímabundinni notkun á eldissvæði í Seyðisfirði til að lengja hvíldartíma á eldissvæði í Skötufirði sé matsskyld.

Umhverfismati fyrir framleiðslu Háafells á 6.800 tonnum á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi lauk árið 2020. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um frummatsskýrslu þann 17. janúar 2017. Þar koma fram ýmsar almennar ábendingar varðandi umhverfisáhrif sjókvíaeldis sem enn eiga við einkum um þá áhættu sem felst í mögulegri erfðablöndun framandi eldisstofns við villtra stofna. Í ljósi nýlegra alvarlegra sleppingaátburða í Patreksfirði er áhættumat erfðablöndunar í endurskoðun hjá Hafrannsóknarstofnun og ljóst að ábendingar um varúðarsjónarmið þessu tengt eiga fullan rétt á sér. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um frummatsskýrsluna var einnig ábending um nágrenni sjókvía Háafells við selalátur og önnur búsvæði landssels og að taka þurfi tillit til mögulegra áhrifa af rekstri sjókvíaeldis á seli.

Matsskyldufyrirspurnin felur ekki í sér aukningu á framleiðslu Háafells í Ísafjarðardjúpi heldur tímabundna notkun á eldissvæði í Seyðisfirði sem ekki hefur verið tekið til notkunar enn meðan hvíldartími eldissvæðisins í Skötufirði er lengdur. Með breytingunni bætist við nýtt sjókvíastæði og verða þá þrjú í notkun á tveimur árgangasvæðum, þar af tveir árgangar innan eins árgangasvæðis.

Fram kemur að hámarkslífmassi og fôðurnotkun verði innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir í umhverfismatinu og því ekki um breytingu að ræða varðandi næringarefnaálag á eldissvæðinu. Tekið er undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 5. febrúar 2024 er varða mikilvægi þess að samræma vöktun við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og að almennt eigi að dreifa lífrænu álagi eins og mögulegt er. Þá er tekið undir ábendingu í umsögn Hafrannsóknarstofnunar (einnig frá 5.2.2024) um að taka þurfi tillit til þess að upplýsingar um súrefnismettun og -styrk í Seyðisfirði eru takmarkaðar og vakta þarf súrefnisástand við botn áhrifasvæðis vandlega.

Með því að hafa tvo árganga innan sama árgangasvæðis á sama tíma eykst hættu á mögulegu smiti m.a. á laxalús. Gert er grein fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þær. Tekið er undir ábendingu Hafrannsóknarstofnunar um að einnig þurfi að tryggja nægjanlegar fjarlægðir milli eldissvæða til að forðast veirusmit eins og blóðþorra. Áætlaðar fjarlægðir eru yfir lágmarksmörkum (5 km) en einungis rétt svo þar sem fjarlægðin er minnst. Mikilvægt er því að vöktun á mögulegu smiti sé markviss.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með öðrum lögbundnum umsagnar- og eftirlitsaðilum (Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun, Fiskistofu og Matvælastofnun) að þessi breyting á



fyrirkomulagi eldis Háafells í Ísafjarðardjúpi feli ekki í sér það miklar forsendubreytingar frá því sem til umfjöllunar var í umhverfismati frá 2020 að þörf sé á nýju mati. Þó má benda á þá breytingu að styttri vegalengd verður milli kvía sem eykur á kröfur um betri vöktun á smithættu á laxalús og smitsjúkdómum. Þá mun fjölgun sjókvíastæða á svæðinu í rekstri auka möguleg truflandi áhrif á dýralíf s.s. hvali, seli og sjófugla sem og sjónræn ásýndaráhrif.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

